

Fundargerð aðalfundar Smalahundafélags Íslands

Aðalfundur Smalahundafélags Íslands haldinn í kaffistofu fjárhúsanna á Hesti að aflokinni fjárhundakeppni þann 14. nóvember 1999. Mættir voru 21 félagsmenn. Formaður Gunnar Einarsson setti fundinn og ræddi um framfarir í fjárhundakeppnum og framkvæmd þeirra í framtíðinni. Rætt var um að halda í framtíðinni tveggja daga keppnir, þar sem hver hundur færi brautina tvisvar og þeir bestu kepptu síðan til úrslita. Þannig kæmi þetta betur út sem sýning gagnvart áhorfendum.

Ákveðið að stefna að því að hafa keppnina á næsta ári þann 26.-27. ágúst.

Harpa lagði fram reikninga í fjarveru Lisbeth og voru þeir samþykktir með þeirri athugasemd að formleg endurskoðun lá ekki fyrir.

Lisbeth Sæmundsson gjaldkeri hafði ákveðið að ganga úr stjórn og kosið var um eftirmann hennar. Hlaut Kristján Mikkaelsson kosningu með 7 atkvæðum, Harpa Reynisdóttir hlaut 5 og Baldur Björnsson 1. Gunnar Einarsson gaf kost á sér til eins árs til viðbótar og var það samþykkt, jafnframt ákveðið að þá verði nýr formaður kosinn samkvæmt lögum félagsins. Varamenn í stjórn voru kosnir Árni Halldórsson Garði 1 og Guðmundur Kr. Guðmundsson Kaðalsstöðum. Skoðunarmenn reikninga eru María Dóra Þórarinsdóttir og Árni Ingvarsson.

Fundarritari

Dagbjartur Dagbjartsson.

Lög Smalahundafélags Íslands

1. gr.

Félagið heitir Smalahundafélag Íslands. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Félagar geta orðið þeir sem eiga smalahunda svo og þeir sem sérstakan áhuga hafa á þeim. Félagssvæðið er allt landið.

3. gr.

Hlutverk félagsins er að stuðla að skráningu og ræktun smalahunda. Skal það beita sér fyrir sýningum og keppnum og stuðla að bættri ræktunarmenningu meðal eigenda smalahunda. Félagið leiti samvinnu við Búnaðarfélag Íslands og aðra þá aðila sem vilja efla fræðslu og kynningu á smalahundum.

4. gr.

Tekjuöflun til nauðsynlegra verkefna skal ákveðin á hverjum aðalfundi samkvæmt áætlun fyrir næsta ár. Félagsgjöld verði einnig ákveðin frá ári til árs.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður, ritari og gjaldkeri. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Gangi þeir úr stjórn þannig að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjónandi eftir tvö ár með hlutkesti, hinn þriðji eftir þrjú ár og helst röðin þannig áfram. Þá skal einnig kjósa tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar gangi úr eftir eitt ár með hlutkesti í fyrsta sinn og síðan sitt árið hvor.

6. gr.

Aðalfund skal hafa árlega, eigi síðar en 15. nóvember samkvæmt ákvörðun stjórnar. Þar gerir stjórnin grein fyrir störfun félagsins á liðnu ári, leggur fram tillögur um verkefni næsta árs og leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.

7. gr.

Tillögur um lagabreytingar skulu tilkynntar með fundarboði.